

3. september 1991

749

Nr. 408

## REGLUGERÐ

### um bann við togveiðum á Hornbanka.

#### 1. gr.

Frá og með kl. 15, 3. september 1991 til og með 30. september 1991 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Hornbanka, sem markast af línunum, sem dregnar eru um eftirfarandi punkta:

- |                      |                      |
|----------------------|----------------------|
| 1. 66°57'N – 21°36'V | 5. 66°54'N – 20°24'V |
| 2. 66°58'N – 21°08'V | 6. 66°52'N – 20°54'V |
| 3. 67°08'N – 20°53'V | 7. 66°43'N – 20°58'V |
| 4. 67°06'N – 20°18'V | 8. 66°41'N – 21°24'V |

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. september 1991.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

26. ágúst 1991

Nr. 409

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum á smásíld.

#### 1. gr.

Óheimilt er að veiða smásíld, 27 cm að lengd eða minni sbr. 2.–3. gr. Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjúnuodda að sporðsenda.

#### 2. gr.

Fái nótaskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 27 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

B 54

## 3. gr.

Sé skipisstjóri nótaskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir af handahófi. Reynist meira en 25 síldir 27 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

## 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið, að fengnu áliti Hafrannsóknarstofnunar, veitt leyfi til veiði smásíldar, 27 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneidis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

## 5. gr.

Ef röknet og lagnet, eru notuð til síldveiða, skal lágmarksmöskvastærð vera slík að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 cm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

## 6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 292 8. ágúst 1978 um síldveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. ágúst 1991.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*